



## **URÐUN Á ÓVIRKUM ÚRGANGI Á NJARÐVÍKURHEIÐI**

Umsókn um starfsleyfi

Febrúar 2024

**22321**

[https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint\\_32/Project1885/Documents/Starfsleyfi/Urðun/Njarðvíkurheiði\\_starfsleyfi\\_umsókn.docx](https://vsoradgjof.sharepoint.com/sites/workpoint_32/Project1885/Documents/Starfsleyfi/Urðun/Njarðvíkurheiði_starfsleyfi_umsókn.docx)

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	15.02.2024	BS/JBW	BS	BS

**Unnið af:**

VSÓ Ráðgjöf  
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

[www.vso.is](http://www.vso.is)

**Unnið fyrir:**

Reykjanesbær  
Tjarnargata 12,  
230 Reykjanesebæ

**REYKJANESBÆR**

## 1 Inngangur

Reykjanesbær sækir um starfsleyfi fyrir móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði í þeim tilgangi að skapa aðstöðu fyrir efnislosun vegna uppbyggingar vega, húsnæðis og annarra framkvæmda í Reykjanesbæ og nágrenni.

## 2 Upplýsingar um umsækjanda

Nafn: Reykjanesbær

Kennitala: 470794-2169

Netfang: Gudlaugur.H.Sigurjonsson@Reykjanesbaer.is


Heimilisfang: Tjarnargata 12, 230 Reykjanesbæ

## 3 Upplýsingar um urðunarstað


### 3.1 Staðsetning

Njarðvíkurheiði, sunnan Reykjanesbrautar, austan Patterson-svæðisins, nánar tiltekið 1 km sunnan við Reykjanesbraut og í 1,3 km fjarlægð frá næstu byggð, Innri Njarðvík, sem tilheyrir Reykjanesbæ.

Á mynd 1 er landfræðileg staðsetning fyrirhugaðs urðunarstaðar sýnd og mynd 2 sýnir þversnið lands innan urðunarstaðarins.



Mynd 1 Landfræðileg staðsetning fyrirhugaðs urðunarstaðar ásamt vegi frá Reykjanesbraut.



Mynd 2 Þversnið lands innan fyrirhugaðs urðunarstaðar.

### 3.2 Tegundir úrgangs sem taka á við

Taka á við úrgangi, sem skv. I. viðauka reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, fellur undir eftirfarandi gerðir (athuga að reglugerð nr. 184/2002 var felld brott með reglugerð nr. 1040/2016):

17 05 04 Jarðvegur og grjót, annað en tilgreint er í 17 05 03.

17 01 07 Blanda af steinsteypu, múrsteinum, flísum og keramíki, önnur en tilgreind er í 17 01 06.

Úrgangur sem tekið verður á móti mun falla undir eftirfarandi skilgreiningu um óvirkan úrgang skv. reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs:

Óvirkur úrgangur: Úrgangur sem breytist ekki verulega líf-, efna- eða eðlisfræðilega og hefur ekki skaðleg áhrif á umhverfið, t.d. múrbrot, gler og uppmokstur.

### 3.3 Magn úrgangs sem taka á við á ári (í tonnum)

Áætlað er að urðuð verði um 15.000 tonn af óvirkum úrgangi á ári.

### 3.4 Áætluð heildarmóttökugeta urðunarstaðarins

Áætlað er að í heildina verði hægt að urða u.þ.b. 230.000 m<sup>3</sup> af óvirkum úrgangi innan urðunarstaðarins. Þetta magn miðast við að hæð urðaðs úrgangs verði allt að 10 m og falli að nálægri landhæð.

### 3.5 Áætlaður rekstrartími urðunarstaðarins

Gert er ráð fyrir 15 ára rekstrartíma fyrirhugaðs urðunarstaðar þar sem tekið verður á móti óvirkum úrgangi, hann geymdur til skemmri tíma, meðhöndlaður eða urðaður.




### 3.6 Staða aðal- og deiliskipulags

Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2020-2035 tók gildi 8. febrúar 2023. Þar er afmarkað sérstakt efnislosunarsvæði (E5), 4,2 ha að stærð, austan við Patterson-svæði sem er ætlað að taka við efnislosun sem fylgir uppbyggingu samkvæmt skipulagsáætluninni.

Deiliskipulagið, sem tók gildi 4. september 2023, nær yfir efnislosunarsvæðið (E5), aðkomuveg og svæði í kringum hann, alls 4,9 ha. Sjá mynd 3.

Fyrirhuguð framkvæmd við urðunarstaðinn og rekstur hans er ekki háður mati á umhverfisáhrifum, skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar dagsett 31. janúar 2024.


#### Deiliskipulag efnislosunarsvæðis á Njarðvíkurheiði



Deiliskipulagspádráttur 1:1.500 (A2)


Kvarði 1:500

30 0 30 60 90 120 150m



Skýringar

- Mörk skipulagsvæðis
- Tengivegur
- Aðkomuvegur
- Aðkomuvegur (leiðbeinaði)
- Göngu- og hjólaleiðir
- Efnislosunarsvæði
- Byggingamestur
- Afþanskilding (leiðbeinaði)



Skýringarmynd sýnir þversnið á efnislosunarsvæði (ekki í kvarða).

Skýringar

- Skýringar
- Efnislosunarsvæði
- Tengivegur
- Aðkomuvegur
- Hálsþröskull

1:3

Samþykkt og staðfesting

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við skýrslu 41. gr. skipulagslaga nr. 123:2010 var samþykkið í bæjarstjórn þann 20/09/2023.

Tilgangur var auglýst frá 20/09/2023 með afhugsunarsvæðistíðni 20/09/2023.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnarráðs þann 20/09/2023.

Skýringar

Afþanskildingarstærð: VSD Ráðgjöf og KANONL  
Lofveitningastærð og tekið á: Tækisjónarstaða 8A, Gísurur fyrir rými tenging VSD Ráðgjöf og KANONL, Reykjavík, ÍS-101.

Stærð: 1:1500 (A2)

VSÓ RÁDGGJÖF

Tæking: 23201\_DSX\_T\_01 Döpuning: 11.01.2023

Stærð: HJUSPÁKJESBJ Yfirlit: HTT

REYKJANESBÆR

Mynd 3 Samþykkt deiliskipulag svæðisins

### 3.7 Lýsing á urðunarstaðnum

Svæðið fyrir fyrirhugaðan urðunarstað er lítt raskað og einkennist landslag af melum með mosa- og mólendisflákum á milli og er land fremur flatt. Staðurinn er ekki á friðlýstu svæði, náttúruverndarsvæði, svæði sem nýtur annarskonar verndar eða vatnsverndarsvæði né eru þar þekktar fornleifar.

Undir fyrirhuguðum urðunarstað er grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 1 (nr. 104-115-1-G) sem er 28,3 km<sup>2</sup> að stærð (Vatnavefsjá, 2024). Vatn á yfirborði finnst ekki innan eða í næsta nágrenni hans. Seltjörn er suðaustan við staðinn, í 1,9 km fjarlægð.

Grunnvatnsborð ferksvatns, sem flýtur ofan á jarðsjó í berginu, á utanverðum Reykjanesskaga, er 1-1,5 m y.s. og á Njarðvíkurheiði hallar grunnvatnborðið lítillega í átt að ströndinni í samræmi við halla lands (Freystinn Sigurðsson, 1985). Í grunnvatnshlotinu Rosmhvalanes 1 er skráð miðlungs grunnvatnsstreymi (Vatnavefsjá, 2024) og er grunnvatnsrennsli í N-S stefnu í sjó fram, í Stakkafjörð (Árni Hjartarson, 2009).

Berggrunnurinn undir fyrirhuguðum urðunarstað er grágrýtishraun sem rann á hlýskeyðum ísaldar fyrir < 0,8 milljón árum og einkennist af jökulrákuðum klöppum og klapparholtum (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024-a). Ofan á klöppinni er þurr klappajörð, grunn- eða miðlungsþykk sandjörð, melajörð og áfoksjörð (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2024-b). Svæðið er utan við sprungusveim Reykjaness (Páll Einarsson, Haukur Jóhannesson, & Ásta Rut Hjartardóttir, 2018).

### 3.8 Greinargerð um áhrif losunar mengunarefna á umhverfið og aðferðir sem verða notaðar til að fyrirbyggja og draga úr mengun frá staðnum

Litlar líkur eru taldar á því að mengun geti borist frá úrgangi sem geymdur verður eða urðaður á svæðinu þar sem eingöngu verður tekið við óvirkum úrgangi.

Mengun getur borist frá tækjum og vélum ef ööpp verða eða ef þau leka og olía eða önnur skyld efni berast í jarðveg.

Skýrar verklagsreglur, innra eftirlit og vöktun verða við móttöku úrgangs til að tryggja að eingöngu ómengaður úrgangur komi inn á svæðið. Einnig verða skýrar starfsreglur settar til að fyrirbyggja óhöpp og olíuleka og viðbragðsáætlun til staðar til að hreinsa upp efnin úr jarðvegi og mengaðan jarðveg ef óhapp eða leki verður.

Sótt er um undanþágu frá botnþéttingu og söfnun sigvatns eins og fram kemur hér á eftir.

### 3.9 Áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit

Aðgerðir vegna mengunarvarna varðandi rekstur, vöktun og innra eftirlit munu meðal annars felast í:

- Aðgengi að svæðinu verður takmarkað og sett verður upp hlið til að aðgangsstýra svæðinu.
- Móttaka úrgangs verður skráð, þ.e. hver skilar úrgangi, magn og gerð.
- Eftirlit með því að einungis óvirkur úrgangur komi inn á svæðið.
- Verklagsreglur settar um meðferð olíuefna, t.d. að ekki fari meira magn inn á svæðið en nauðsynlegt er og áfylling tækja fari fram á olíuheldum dúk.
- Olíutankar til áfyllingar sem koma inn á svæðið skulu uppfylla kröfur í lögum og reglum um mengunarvarnir.
- Þjálfun starfsfólks í meðferð olíuefna, mengunarvarnarbúnaðar og fræðsla um viðbrögð við óhöppum.

### 3.10 Áætlun um lokun urðunarstaðarins, aðgerðir í kjölfar lokunar og kostnaður sem af þeim hlýst

Ef urðunarstað verður lokað varanlega fer eftirfarandi ferli í gang.

- Gengið frá úrgangi sem bíður og honum komið fyrir á urðunarsvæðinu eða hann fluttur brott í viðeigandi meðferð. *Ábyrgð: Stöðvarstjóri.*
- Gengið frá urðunarstaðnum, tyrft yfir hauga og yfirborð mótað svo það falli vel að umhverfi. Gengið frá svæðinu með þeim hætti að það falli vel að umhverfi, að landformum í nágrenninu og vísað er til leiðbeininga um efnistöku og frágang (Vegagerðin ofl., 2002). *Ábyrgð: Deildarstjóri umhverfismála, Reykjanesbæ.*
- Tækjabúnaður sem tengist starfseminni, starfsmannaaðstaða og önnur mannvirki verða fjarlægð af svæðinu og flutt til annarra verkefna. *Ábyrgð: Stöðvarstjóri.*
- Vinnusvæði þar sem búnaður og mannvirki stóðu verður sléttað og gengið frá með gróðri eða mül eftir því sem best fer á. *Ábyrgð: Deildarstjóri umhverfismála, Reykjanesbæ.*
- Rekstrarstöðvun tilkynnt til Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits. *Ábyrgð: Stöðvarstjóri.*

Kostnaður sem hlýst af lokun urðunarstaðsins felst í frágangi á svæðinu þannig að það falli vel að umhverfi og landformum í nágrenninu. Að auki þarf að fjarlægja tæki, búnað, starfsmannastöðu og annað sem fylgir starfseminni. Reiknað er með að nýta megi hluta þess í önnur verkefni.

### 3.11 Viðbragðsáætlun vegna mögulegs bráðamengunartjóns

Viðbragðsáætlun vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. og 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Helstu áhættur við starfsemi urðunarstaðarins tengdar mengun hafs og stranda eru lekar á hættulegum efnum frá tækjum og búnaði. Líkur á stóru óhappi eru mjög litlar þar sem magn hættulegra efna verður takmarkað inn á svæðinu. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru eftirfarandi:

- Áfylling eldsneytis fer fram á olíuheldum dúk eða steypu svæði.
- Olíutankar til áfyllingar sem koma inn á svæðið skulu uppfylla kröfur í lögum og reglum um mengunarvarnir.
- Til staðar er mengunarvarnarbúnaður, s.s. ísgosefnis, mottur og pylsur.
- Starfsmenn fá þjálfun í verkþáttum þar sem unnið er með hættuleg efni og í viðbrögðum við mengunarslysum og í notkun mengunarvarnarbúnaðar.

Hér að neðan eru drög að viðbragðsáætlun sem verður endurskoðuð þegar starfsemin hefst, með tilliti til endanlegrar uppsetningar á innviðum og búnaði .

---

#### VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

---

##### Við hættuástand skal tafarlaust hringja í Neyðarlínuna 112

---

Fylgja skal eftirfarandi heilræðum ef óskað er eftir neyðarþjónustu

- ▶ Skýra á glöggan hátt frá aðstæðum.
  - ▶ Segja hvar viðkomandi er og hverskonar hjálpar óskað er eftir.
  - ▶ Gefa upplýsingar um hættuleg efni sem um er að ræða.
  - ▶ Halda stillingu sinni og hlusta á ráðleggingar starfsmanns.
-

- ▶ Ágætis regla er að biðja starfsmann neyðarþjónustunnar að endurtaka skilaboðin til að forðast rangar upplýsingar.

### Fyrstu viðbrögð

- ▶ Leita að uppruna leka.
- ▶ Koma í veg fyrir frekari leka.
- ▶ Nota skal ísogsefni til að hreinsa upp vökva sem hafa spillst niður.
- ▶ Verði íkveikja á svæðinu skal slökkviliðinu strax gert viðvart. Grípa skal til slökkvitækja með dufti og reynt að slökkva eldinn ef um minniháttar íkveikju er að ræða.
- ▶ Starfsmenn meta í hverju tilfalli hvort að þeir ráði við að hindra útbreiðslu leka, eða hvort rýma þarf svæði og kalla til aðstoðar frá slökkviliði.

### Spá um atburðarrás

- ▶ Verkstjóri kallar til nauðsynlegan mannskap til þess að fást við mengunaróhappið ef þörf er á aðstoð og sér til þess að nauðsynlegur tækjabúnaður sé fyrir hendi.
- ▶ Verkstjóri kallar til framkvæmdastjóra fyrirtækisins um leið og búið er að grípa til fyrstu viðbragða til þess að draga eins og hægt er úr útbreiðslu mengunar.
- ▶ Verkstjóri upplýsir framkvæmdastjórnann um stöðuna, sem síðan tekur yfir stjórnun aðgerða á verkstað ef um stærri atburð er að ræða.

### Samskipti og samráðsaðilar

- ▶ Ef stórslys á sér stað skal tilkynna það strax slökkviliði og lögreglu. Lögregla tilkynnir Vinnueftirliti ríkisins, Umhverfisstofnun og yfirstjórn almannavarna á viðkomandi stað.
- ▶ Framkvæmdastjóri fyrirtækisins er ábyrgur fyrir samskiptum við samskipta- og samráðsaðila, s.s. umhverfisvæðingarmann.
- ▶ Óhöpp þar sem spillist meira en 50 L af olíu skulu tilkynnt til Umhverfisstofnunar (sími: 591-2000).

## 3.12 Undanþága frá botnþéttingu og söfnun sigvatns

Sótt er um undanþágu frá botnþéttingu og söfnun sigvatns skv. 25. gr. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs, í ljósi þess að óveruleg hættu er talin á því að efni skaðleg umhverfinu geti borist út í umhverfið frá urðunarstaðnum.

Á urðunarstaðnum verður eingöngu tekið á móti óvirkum úrgangi í minna magni en 20.000 tonnum á ári. Skýrar verklagsreglur, innra eftirlit og vöktun verða við móttöku á úrgangi til að tryggja að eingöngu óvirkur og ómengaður úrgangur komi inn á svæðið. Því er talin lítil hættu á að mengun berist frá úrganginum í vatnshlot. Urðunarstaðurinn ekki staðsettur í nálægð við vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði eða annað svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

Ef olía eða önnur mengun lekur ofan í jarðveg frá tækjum eða vélum er lítil hættu talin á því að mengunin muni hafa áhrif á ástand grunnvatn eða geti dreifst með yfirborðsvatni á nærliggjandi svæði og haft áhrif á vatnsverndarsvæði eða svæði sem njóta verndar með einhverjum hætti. Þetta mat er gert út frá vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum svæðisins og mati á að urðunarstaðurinn er ekki svo nálægt vatnsverndarsvæði eða öðrum verndarsvæðum þannig að hættu sé á að mengun berist þangað. Mörk næsta fjarsvæðis vatnsverndar er á Hafnarheiði sem er í 1,5 km fjarlægð sunnan við urðunarstaðinn og er grunnvatnsrennsli í N-S stefnu í sjó, í átt frá fjarsvæðinu. Magn sem getur spillst takmarkast við magn sem er í eldsneytistanki tækja. Sem dæmi eru um 400 lítrar af olíu í olútanki vörubíla og um 200 lítrar í glussaolíutanki. Við áfyllingu á tæki



verður vökvaheldur dúkur settur undir eða fyllt á tæki þar sem undir er malarlag sem sígur olíu í sig. Því verða ráðstafanir með þeim hætti að auðvelt verður að hreinsa olíu upp ef olía spillist við áfyllingu. Olía til áfyllingar verður í tvöföldum tanki þar sem ytri tankurinn er hugsaður sem árekstrarvörn. Lítil hætta er því talin á því að olía leki ofan í jarðveg við áfyllingu og við flutning áfyllingartanks.

Á urðunarstaðnum verður eingöngu tekið á móti óvirkum úrgangi í minna magni en 20.000 tonnum á ári og því er ekki þörf á áhættumati, skv. norskum leiðbeiningum sem Umhverfisstofnun vísar til í eyðublaði fyrir starfsleyfi.

### 3.13 Áhrifamat á skilgreinda gæðapætti í grunnvatnshloti

Í umsögn Umhverfisstofnunar við matsskyldufyrirspurn fyrirhugaðs urðunarstaðar benti stofnunin á að gera þyrfti mat á áhrifum á gæðapætti í grunnvatnshlotum og hvort framkvæmdin geti leitt til þess að grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 1 nái ekki umhverfismarkmiðinu um gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu.

Markmið með lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er m.a. að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Umhverfismarkmið laganna er að öll yfirborðsvatnshlot skuli vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi og að öll grunnvatnshlot skuli vera í góðu efnafræðilegu ástandi og hafa góða magnstöðu.

Í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun kemur fram að meta skuli ástand grunnvatnshlota með eftirfarandi efnafræðilegu gæðapáttum: súrefnisinnihald, sýrustig (pH), leiðni, nítrat og ammóníum. Aðrir gæðapættir sem má eru rafleiðni, virk efni í varnarefnum, ásamt umbrots-, niðurbrots- og myndefnum þeirra, og arsen, kadmíum, blý, kvikasífur, ammóníum, klóríð, sulfat, nítrít og fosfat auk summu tríklóretýlens og tetraklórétýlens. Hvað magnstöðu varðar þá er hún metin út frá hæð vatnsborðs samkvæmt reglugerðinni.

Á urðunarstaðnum verður eingöngu tekið á móti óvirkum úrgangi í minna magni en 20.000 tonnum á ári. Skýrar verklagsreglur, innra eftirlit og vöktun verða við móttöku á úrgangs til að tryggja að eingöngu óvirkur og ómengaður úrgangur komi inn á svæðið. Urðunarstaðurinn ekki staðsettur í nálægð við vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði eða annað svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

Ef mengunaróhapp verður þar sem mengun berst í jarðveg eða leki verður frá tækjum eða vélum gæti grunnvatn mengast. Helst er það olía og skyld efni eins og glussi sem getur borist í jarðveg í slíkum atburðum. Slík efni eru ekki meðal þeirra efnafræðilegu þátta sem nota skal til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatnshlota samkvæmt reglugerð nr. 535/2011. Ekkert af þeim efnum sem nota á til að meta ástand grunnvatnshlota eru talin geta borist frá tækjum og vélum sem notuð verða á urðunarstaðnum. Að auki er ekki talin hætta á að mengun geti borist frá þeim úrgangi sem verður geymdur eða urðaður á svæðinu þar sem um óvirkan ómengaðan úrgang er að ræða.

Við mat á mögulegum áhrifum á grunnvatnshlotið ef olía eða skyld efni leka ofan í jarðveg var vatnajarðfræði- og jarðfræði svæðisins skoðuð m.t.t. möguleika á útbreiðslu mengunar. Helstu áhrifaþættir á útbreiðslu mengunar eru vatnsheldni eða lekt jarðvegs og berggrunns, sprungur, grunnvatnsrennsli og halli grunnvatnsborðs, yfirborðsvatn og rennsli þess (Umhverfisstofnun, 2023). Laus jarðlög hafa mismikla vatnsheldni og er hún minnst í þurri jörð (sandjörð og bergjörð) og mest í mójörð. Mikill munur er á lekt jarðlaga og er hún minnst í gömlu þéttu bergi, m.a. basísku gosbergi (grágrýti), og mest í hrauni frá nútíma, sögulegum hraunum yngri en 1100 ára. Lekt jarðlaga er auk þess mun meiri á sprungusvæðum en á öðrum svæðum (Gerður Stefánsdóttir, Davíð Egilsson, & Svava

Björk Þorláksdóttir, 2020) (Freystinn Sigurðsson, 1985). Áhættan vegna mengunar fer eftir því hvort áætlaður dreifingarmöguleiki sé lítil eða mikill (Umhverfisstofnun, 2023).

Berggrunnurinn undir fyrirhuguðum urðunarstað er gamalt grágrýtishraun, jökulrákaðar klappir og klapparholt, sem er þétt berg með mjög litla lekt. Engar þekktar sprungur eru á svæðinu. Ofan á klöppinni eru þurr jarðefni, m.a. sandur og mól, sem hafa góða lekt. Ekkert rennsli yfirborðsvatns er á svæðinu og er eina yfirborðsvatnið Seltjörn sem er í 1,5 km fjarlægð suðaustan við það. Grunnvatnsrennsli er miðlungsmikið og halli grunnvatnsborðs hóflegur.

Út frá framangreindum vatnajarðfræðilegum- og jarðfræðilegum einkennum svæðisins er metið að lítil hætta sé vegna urðunar úrgangs eða mengunar ef olía eða skyld efni komast í jarðveg. Þrátt fyrir að gera megi ráð fyrir að olía hripi hratt niður í gegnum þurran jarðveginn, sem hefur litla vatnsheldni, þá er dreifingarmöguleikinn talinn vera mjög lítil því að grágrýtisklöppin er þétt og hefur mjög litla lekt. Grunnvatnsrennsli er miðlungsmikið og því er gert ráð fyrir að ef olía kemst ofan í grunnvatnið muni hún þynnast nokkur hratt út og ekki hafa áhrif á ástand grunnvatnshlotsins. Ekki er talin hætta á að mengun geti dreifist á yfirborði til nærliggjandi svæða þar sem að ekkert yfirborðsvatn er á svæðinu.

Út frá framangreindu er svo metið að fyrirhugaður urðunarstaður og rekstur hans muni hafa óveruleg áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins Rosmahvalanes 1 og skilgreinda gæðapætti þess skv. reglugerð 535/2011.

### 3.14 Samantekt

Sótt er um starfsleyfi fyrir móttökustöð, geymslusvæði og urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Njarðvíkurheiði. Áætlað er að urðuð verði um 15.000 tonn af óvirkum úrgangi á ári eða u.þ.b. 230.000 m<sup>3</sup> yfir 15 ára rekstrartíma urðunarstaðarins. Urðunarstaðurinn er ekki á friðlýstu svæði, náttúruverndarsvæði, svæði sem nýtur annarskonar verndar eða vatnsverndarsvæði.

Jafnframt er sótt um undanþágu frá botnþéttingu og söfnun sigvatns. Lítil hætta er talin á því að olía og skyld efni sem geta lekið frá vélum og tækjum sem muni hafa áhrif á ástand grunnvatns eða geti dreifst með yfirborðsvatni á nærliggjandi svæði og haft áhrif á vatnsverndarsvæði eða önnur verndarsvæði. Áhrifamat á grunnvatnshlot undir fyrirhuguðum urðunarstað bendir til þess að óveruleg áhrif verði á efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins.

Skýrar verklagsreglur, innra eftirlit og vöktun verða við móttöku á úrgangs til að tryggja að eingöngu óvirkur og ómengaður úrgangur komi inn á svæðið. Auk þess verða settar skýrar starfsreglur til að fyrirbyggja óhöpp og olíuleka og viðbragðsáætlun ef slík atvik eiga sér stað.

## 4 Fylgiskjöl með starfsleyfisumsókn

1. Ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. og 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda
2. Matsskyldufyrirspurn